

Aðalskipulag Norðurlings 2009-2029

Áfangaskýrsla 4

Fjölbreyttur lífsstíll og sameiginleg velferð

Drög til kynningar á vef Norðurlings

September 2009

ATA



DRÖG TIL KYNNINGAR Á VEF NORÐURÞINGS SEPTEMBER 2009



Efnisyfirlit

1	Formáli	1	5	Litríkt menningarlíf	8
1.1	Bakgrunnur og efni áfangaskýrslunnar	1	5.1	Söfn og sýningar	8
1.2	Næstu skref	2	5.2	Félagsstarfsemi, listalíf og kirkjulíf	8
2	Fjölbreytt íbúðarhúsnæði	3	5.3	Menningarviðburðir	8
2.1	Búsetukostir	3	5.4	Menningararfur	9
2.2	Hönnun og bygging íbúðarhúsnæðis.....	3	6	Traust velferðarþjónusta	10
3	Skapandi skólastarfsemi	4	6.1	Félagsþjónusta	10
3.1	Skólar	4	6.2	Heilbrigðisþjónusta	10
3.2	Háskólanám og símenntun	4	6.3	Öryggi	10
4	Fyrirmyndar tómstundaaðstaða	5	7	Vönduð stjórnsýsla	11
4.1	Almenn útivistarsvæði.....	5	7.1	Miðstöð stjórnsýslu.....	11
4.2	Leiksvæði barna	5	7.2	Aðgengi að upplýsingum.....	11
4.3	Íþróttasvæði og íþróttamannvirki.....	6	7.3	Umhverfisstarf	11
4.4	Tómstundabúskapur	7			
4.5	Tómstundaveiðar	7			
4.6	Frístundabyggð	7			

1 Formáli



1.1 Bakgrunnur og efni áfangaskýrslunnar

Í yfirstandandi aðalskipulagsgerð fyrir Norðurþing hafa verið settir fram 16 leiðarvísar fyrir viðfangsefni aðalskipulagsins sem eru flokkaðir undir þrjú meginmarkmið. Meginmarkmiðin varða I. Atvinnulíf og grunngerð, II. Fræðslu-, menningar- og velferðarmál og III. Umhverfismótun og auðlindanýtingu:

I. Góð afkoma og örugg grunngerð

- I.1 Nýr hornsteinn
- I.2 Þingeysk matvælaframleiðsla
- I.3 Framsækin ferðapjónusta
- I.4 Vaxandi sérþekking
- I.5 Öruggar samgöngur
- I.6 Góð þjónustukerfi

II. Fjölbreyttur lífsstíll og sameiginleg velferð

- II.1 Fjölbreytt íbúðarhúsnæði
- II.2 Skapandi skólastarfsemi
- II.3 Fyrirmyndar tólmstundaaðstaða
- II.4 Litríkt menningarlíf
- II.5 Traust velferðarþjónusta
- II.6 Vönduð stjórnsýsla

III. Auðugt umhverfi og sterk ímynd

- III.1 Heilbrigð vistkerfi
- III.2 Sjálfbær auðlindanýting
- III.3 Fjölbreytt landslag í dreifbýli
- III.4 Vönduð bæjarmynd í þéttbýli

Nánar er gerð grein fyrir meginmarkmiðum og leiðarvísam í áfangaskýrslu 1, Meginforsendur, framtíðarsýn og meginmarkmið sem birt var á vef Norðurþings í febrúar 2009 að undangenginni umfjöllun allra fastanefnda sveitarfélagsins.

Eftirfarandi áfangaskýrsla eru fyrstu drög að stefnu um leiðarvísa sem varða meginmarkmið um fjölbreyttan lífsstíl og sameiginlega velferð. Í skýrslunni er sett fram stefna um húsnæðismál, skólamál, tólmstundaaðstöðu, menningarlíf, velferðarþjónustu og stjórnsýslu.

Sett eru fram markmið fyrir hvern leiðarvísi og síðan sett fram stefna á grundvelli þeirra. Stefnunni er síðan frekar fylgt eftir með útfærslu landnotkunar á sveitarfélagsupprætti og setningu skipulagsákvæða fyrir einstök svæði í dreifbýli og þéttbýli, sbr. kafla XX og XX.

1.2 Næstu skref

Efni þessarar skýrslu var til umfjöllunar hjá skipulags- og byggingarnefnd í júlí og september 2009. Að aflokinni þeirri umfjöllun voru drögin unnin frekar og þau eru nú kynnt á vef Norðurlþings og íbúum gefinn kostur á að senda inn athugasemdir og ábendingar.


ATH! Tilvísanir í kaflanúmer (sumstaðar skrifað X eða XX) eru með gráu letri en rétt kaflanúmer á eftir að yfirfara og færa inn þegar allar áfangaskýrslur verða settir saman í eitt skjal. Þá endurnúmerast kaflar sbr. efnisyfirlit í áfangaskýrslu 1.

2 Fjölbreytt íbúðarhúsnæði

Markmið

2.1 Fjölbreyttir búsetukostir eru í boði.

2.2 Vandað er til hönnunar og byggingar íbúðarhúsnæðis.



Dreifing og þéttleiki byggðar. Býli í ábúð. ATH! Mynd í vinnslu. Þéttbýli verður bætt inn.

2.1 Búsetukostir

Staðsetning íbúðarhúsnæðis: Bygging íbúðarhúsnæðis verði fyrst og fremst í þéttbýli í þeim tilgangi að draga úr umhverfisáhrifum af akstri milli heimilis og vinnustaðar. Dreifbýlinu verði viðhaldið sem aðlaðandi stað til búsetu í tengslum við landbúnað og þá atvinnustarfsemi sem er í dreifbýlinu.

- Íbúðarsvæði í þéttbýli eru afmörkuð á þéttbýlisuppráttum og skipulagsákvæði fyrir þau sett fram í köflum X.X, X.X og X.X.
- Heimilt er að reisa 1-3 stök íbúðarhús á jörð án tengsla við búskap. Sjá kafla X.X um landbúnaðarsvæði.
- Gert er ráð fyrir einu svæði fyrir smábýli í Reykjahverfi en slík byggð getur höfðað til íbúa sem kjósa að búa í sveit og halda nokkrar skepnur og stunda ýmis konar ræktun. Sjá kafla X.X um landbúnaðarsvæði.

Tegund íbúðarhúsnæðis: Tryggja skal fjölbreyttar húsagerðir sem svara þörfum allra aldurs- og þjóðfélagshópa.

- Skipulagsákvæði fyrir einstök íbúðarsvæði eru sett í köflum X.X, X.X og X.X en þau skal útfæra nánar í deiliskipulagi.
- Nægjanlegt framboð íbúðarlóða sé ávallt í boði.

2.2 Hönnun og bygging íbúðarhúsnæðis

Samræmi við landslag og byggð: Leitast skal við að fella ný íbúðarhús vel að landi og þeirri byggð sem fyrir er.

- Skipulagsákvæði fyrir einstök íbúðarsvæði eru sett í köflum X.X, X.X og X.X en þau skal útfæra nánar í deiliskipulagi.
- Sjá einnig stefnu um búsetulandslag í dreifbýli í kafla X.X og stefnu um bæjarmynd í þéttbýli í kafla X.X.

3 Skapandi skólastarfsemi

Markmið

3.1 Metnaður er lagður í skólastarf og skólunum eru búnar góðar aðstæður.

3.2 Möguleikar til háskólanáms og símenntunar eru góðir.

3.1 Skólar

Skólalóðir: Tryggja skal nægjanlegt rými fyrir framtíðarþróun leik-, grunn- og framhaldsskóla og vanda skal allan umhverfisfrágang þannig að aðstæður til leikja, íþróttar og annarrar útiveru séu sem bestar.

- Skipulagsákvæði fyrir einstakar skólalóðir eru sett í sett í köflum X.X, X.X og X.X en þau skal útfæra nánar í deiliskipulagi.

Aðgengi: Tryggja skal gott aðgengi að skólum með öruggum og vel upplýstum göngu- og hjólaleiðum.

- Aðal gönguleiðir í þéttbýli eru festar í aðalskipulagi, sbr. þéttbýlisuppdrætti, en aðrar leiðir eru þarf að tryggja við deiliskipulagsgerð og í framkvæmdaáætlunum.

Umhverfisstarf og fræðsla: Stuðlað verði að fræðslu um náttúruvar og landslag sveitarfélagsins. Skólar verði hvattir til að móta sér skýra umhverfisstefnu og til þátttöku í alþjóðlega verkefninu „Skólar á grænni grein“ sem ætlað er að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Ungmenni sem sækja vinnuskóla sveitarfélagsins fái umhverfisfræðslu jafnframt því sem þau vinna að umhverfismálum.

- Þessari stefnu verði framfylgt af hálfu menningar- og fræðslunefndar.

3.2 Háskólanám og símenntun

Þekkingarsetur: Stutt verði við þekkingarsetur Þingeyinga sem miðstöð háskólanáms, símenntunar og rannsókna á Norðausturlandi.

- Gert er ráð fyrir uppbyggingu Þekkingargarðs á lóð sunnan Framhaldsskólans á Húsavík, sem m.a. hýsi Þekkingarsetur Þingeyinga og Náttúrustofu Norðausturland en svæðið og starfsemi á því verður nánar útfært í deiliskipulagi.

Aðgengi: Góðar samgöngur og öflug fjarskipti verði tryggð til að jafna möguleika til náms óháð búsetu.

- Sjá kafla X.X og X.X um samgöngur og kafla X.X og X.X um fjarskipti, auk skipulagsuppdráttar.

4 Fyrirmyndar tómsundaaðstaða

Markmið

- 4.1 Möguleikar til að njóta tómsunda eru með besta móti.
- 4.2 Börn hafa aðgang að góðum leiksvæðum stutt frá heimili.
- 4.3 Búið er vel að keppnis- og almenningsíþróttum.
- 4.4 Aðstæður til að stunda hestamennsku og annan tómsundabúskap í þéttbýli eða í nágrenni þess eru góðar.
- 4.5 Tómsundaveiðar eru stundaðar með sjálfbærum hætti.
- 4.6 Dvöl í frístundahúsum í sveitum er möguleg.

4.1 Almenn útivistarsvæði

Dreifbýli: Tryggt verði gott aðgengi almennings að áhugaverðum svæðum í dreifbýlinu, einkum þeim sem skilgreind eru sem verðmæt svæði í kafla X.X um búsetulandslag í dreifbýli.

- Leiðir verði merktar í samvinnu við landeigendur og aðra hagsmunahópa. Stígar verði gerðir þar sem ágangur er mikill.
- Áningarstöðum verði fjölgað. Komið verði fyrir bílastæðum, bekkjum, skjólveggjum, salernisaðstöðu og/eða útsýnisskífum á völdum stöðum. Allur umhverfisfrágangur þar verði til fyrirmyndar.

Þéttbýli: Opin svæði innan þéttbýlis skulu samtengd með grænum geirum, stígum eða gróðri í götum þannig að þau myndi eina samhangandi heild. Góðar tengingar skulu einnig vera við útivistarsvæði umhverfis þéttbýli og tryggja skal aðgengi að fjöru sem víðast. Svæðin skulu bjóða upp á fjölbreytta möguleika til hreyfingar eða slökunar.

- Stíganet skal liggja um opin svæði innan þéttbýlis og í grennd við þéttbýli.
- Koma skal fyrir bekkjum, borðum, leiktækjum og æfingataekjum á völdum stöðum á opnum svæðum, t.d. þar sem skjól er gott eða njóta má útsýnis.
- Sjá einnig kafla X.X um bæjarmynd í þéttbýli.

Vegir, slóðar og stígar: Við skipulag vegakerfis og stígakerfis sé hugað að aðgengi almennings til útivistar.

- Sjá stefnu um ferðaleiðir í kafla X.X um ferðapjónustu og kafla X.X um samgöngur og skipulagsákvæði fyrir samgöngur í kafla X.X.

4.2 Leiksvæði barna

Skólalóðir: Skólalóðir verði örugg og aðlaðandi leik- og útivistarsvæði og nýtist til leik- og útivistarsvæði utan skólatíma.

- Skipulagsákvæði fyrir einstakar skólalóðir eru sett í sett í köflum X.X, X.X og X.X en þau skal útfæra nánar í deiliskipulagi.

Leiksvæði í íbúðarhverfum: Leiksvæði með leiktækjum séu í stuttu göngufæri frá hverju heimili í þéttbýli.

- Einstök minni leiksvæði í þéttbýli eru ekki fest í aðalskipulagi en gera skal ráð fyrir þeim innan íbúðarsvæða í deiliskipulagi.

▪

4.3 Íþróttasvæði og íþróttamannvirki

Skíðasvæði: Aðstæður til að stunda skíði verði sem bestar.

- Skíðasvæði verði áfram í Skálamel við Húsavík. Sjá skipulagsákvæði í kafla X.X til nánari útfærslu í deiliskipulagi.
- Nýtt skíðasvæði verði byggt upp við Reyðarárhjúk með lyftum og göngubrautum. Aðstaða sé til að stunda skauta á Höskuldsvatni þegar aðstæður leyfa. Sjá skipulagsákvæði í kafla X.X til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Íþróttasvæði og íþróttahús: Möguleikar til að stunda æfingar í sem flestum algengum keppnis- og almenningsíþróttum verði í öllum þéttbýliskjörnum.

- Á Húsavík verði aðal íþróttamiðstöð sveitarfélagsins með íþróttahöllina, íþróttasvæðið og sundlaugina sem burðarstólpa. Sjá nánar skipulagsákvæði fyrir Húsavík í kafla X.X um svæði fyrir þjónustustofnanir og X.X um opin svæði til sérstakra nota.
- Á Raufarhöfn, Kópaskeri og í Lundi verði íþróttavöllum og íþróttahúsum vel við haldið þannig að þar sé áfram tækifæri til íþróttanna innanhúss- og utanhúss.

Golfvellir: Unnt verði að mæta auknum áhuga á iðkun golfs í sveitarfélaginu.

- Gert er ráð fyrir að Golfvöllur Golfklúbbs Húsavíkur, Katlavöllur, geti stækkað í allt að 18 holu völlum og er svæði fyrir hann afmarkað á þéttbýlisupprætti fyrir Húsavík. Sjá einnig skipulagsákvæði fyrir völlum og nýja aðkomu að honum í kafla um opin svæði til sérstakra nota á Húsavík, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.
- Áfram er gert ráð fyrir golfvelli í Ásbyrgi, sbr. skipulagsákvæði í kafla X.X um opin svæði til sérstakra nota í dreifbýli, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.
- Á Kópaskeri er gert ráð fyrir möguleika á 9 holu golfvelli við Klifatjörn. Sjá skipulagsákvæði í kafla X.X um opin svæði til sérstakra nota í dreifbýli.
- Á Raufarhöfn er afmarkað svæði fyrir mögulegan lítinn golfvöll. Sjá skipulagsákvæði í kafla X.X um opin svæði til sérstakra nota á Raufarhöfn.

Skotíþróttir: Skotíþróttasvæði verði áfram á Vallmóum norðaustan Húsavíkur og á gamla flugvöllinum á Kópaskeri.

- Sjá skipulagsákvæði í kafla X.X um opin svæði til sérstakra nota í dreifbýli og í kafla X.X , um opin svæði til sérstakra nota á Kópaskeri, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Hestaíþróttir: Fjallað er um hestaíþróttir undir tómsundabúskap að neðan.

ATH! Kort af tómsundamöguleikum í vinnslu.



4.4 Tómstundabúskapur

Hestamennska: Gert verði ráð fyrir svæði fyrir hestaþróttir í þéttbýli eða í næsta nágrenni þeirra. Aðalreiðleiðir framhjá eða um þéttbýli séu festar í aðalskipulagi.

- Á Húsavík er gert er ráð fyrir að áfram sé heimilt að vera með tómstundabúskap í Lækjargili og Traðargili en jafnframt að starfsemin flytjist til Saltvíkur innan loka skipulagstímabilsins þegar ný aðstaða hefur verði byggð upp í Saltvík. Sjá skipulagsákvæði í kafla X.X um opin svæði til sérstakra nota á Húsavík.
- Á Kópaskeri er svæði fyrir hestamennsku innan landbúnaðarsvæðis að Snartarstöðum.
- Á Raufarhöfn er gert ráð fyrir svæði fyrir hestaþróttir rétt norðan við þorpið. . Sjá skipulagsákvæði í kafla X.X um opin svæði til sérstakra nota á Húsavík.
- Aðalreiðleiðir eru sýndar á þéttbýlisuppráttum og sveitarfélagsupprætti. Sjá einnig stefnu um samgöngur í kafla X.X og skipulagsákvæði fyrir samgöngur í köflum X.X, X.X og X.X.

4.5 Tómstundaveiðar

Veiðiár og –vötn: Við veiðar í vötnum og ám og mögulega uppbyggingu veiðihúsa verði þess gætt að vistkerfi og náttúrufar svæðanna raskist ekki og áhrif á landslag verði sem minnst. Sjá einnig stefnu í kafla X.X um heilbrigð vistkerfi.

Sjóstangveiði: Við skipulag hafnar- og strandsvæða verði hugað að möguleikum til sjóstangveiði.

Skotveiði: Möguleikar til rjúpna- og gæsveiði verði fyrir hendi með því að tryggður verði viðgangur fuglastofnana, sbr. einnig kafla X.X um heilbrigð vistkerfi þar sem afmörkuð eru svæða með líffræðilega fjölbreytni og sett fram stefna um gríðland rjúpu.

4.6 Frístundabyggð

Frístundabyggð: Stakir sumarbústaðir og sumarbústaðarsvæði skulu falla vel að landslagi og byggðarmynstri.

- Allt að 3 frístundahús eru heimil á landbúnaðarsvæðum á hverri jörð. Ef reisa á fleiri hús skulu þau reist á skilgreindu frístundabyggðarsvæði sbr. afmörkun þeirra í þessu aðalskipulagi.
- Ef fram koma hugmyndir um ný frístundabyggðarsvæði skal umfang þeirra og útfærsla taka mið af því að byggðin skeri ekki sjónlínur að/frá svæðum eða kennileitum með sérstakt gildi, gangi ekki á náttúrulega birkiskóga í sveitarfélaginu, raski ekki upplifun göngu- og reiðmanna og skerði ekki verðmætar náttúru- eða menningarminjar.

- Vandað verði til hönnunar húsa og stuðlað að því að þau skírskoti til einkenna svæðisins hvað varða form, liti og efni.
- Frístundabyggð er óheimil á svæðum sem skilgreind eru sem verðmæt svæði á heimsvísu, sbr. kafla 4.1.1, ef frá er talin strönd Melrakkaslétta og á hluta þeirra svæða sem eru í flokki verðmætra svæða á landsvísu sbr. kafla 4.1.2.

5 Litríkt menningarlíf

Markmið

- 5.1 Í sveitarfélaginu eru áhugaverð söfn og safnasvæði.
- 5.2 Búið er vel að félagsstarfsemi og listalífi.
- 5.3 Skemmtilegir menningarviðburðir eru í boði allan ársins hring.
- 5.4 Staðinn er vörður um menningararf sem felst í fornleifum og búsetulandslagi og mannvirkjum.

5.1 Söfn og sýningar

Safnastarf: Hlúð verði að öflugum og metnaðarfullu safnastarfi og sýningum um sögu og menningu svæðisins. Leitast verði við að draga fram sérstöðu og sérkenni hvers svæðis.

- Vandað verði til húsnæðis og svæða safna. Í þéttbýli verði þess sérstaklega gætt að auðvelt sé að finna söfnin, t.d. með merkingum eða með því að þau séu í góðum tengslum við aðra þjónustu eða miðbæi. Skipulagsákvæði fyrir einstök svæði fyrir þjónustustofnanir eru sett í kafla X.X fyrir dreifbýli, kafla X.X fyrir Raufarhöfn, kafla X.X fyrir Kópasker og köflum X.X og X.X fyrir Húsavík.

5.2 Félagsstarfsemi, listalíf og kirkjulíf

Félagsheimili: Félagastarfsemi og samkomuhaldi verði tryggt húsnæði með viðhaldi félagsheimila eða annars samkomuhúsnæðis.

Tónlist, leiklist og myndlist: Listgreinum verði gert hátt undir höfði með því að hlúa að aðstæðum til listiðkunar og sýningahalds.

Kirkjur og safnaðarheimili: Kirkjur og safnaðarheimili verði áfram á þeim stöðum þar sem þau eru nú. Mögulega verður byggt safnaðarheimili við Snartarstaðakirkju.

Kirkjugarðar: Kirkjugörðum verði vel viðhaldið og í þéttbýli séu þeir hluti af vef grænna svæða, t.d. með góðum stígatenginum.

5.3 Menningarviðburðir

Útisamkomur og viðburðir: Hátíðum og menningarviðburðum verði fjölgað og þeir markaðssettir með skipulegum hætti til að draga að ferðamenn á öllum árstíðum og stuðla að litríku menningarlífi.

- Í öllum þéttbýliskjörnum Norðurljósa verði aðlaðandi torg eða samkomusvæði þar sem unnt er að efna til útisamkoma. Þessi torg verði í hjarta bæjanna. Sjá skipulagsákvæði fyrir miðsvæði í köflum X.X, X.X og X.X, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

5.4 Menningararfur

Fornleifar og búsetulandslag: Forðast skal að raska þeim menningararfi sem felst í fornleifum og gömlu verðmætu búsetulandslagi.

- Lokið verði við skráningu fornleifa og mörkuð verði nánari stefna um verndun einstakra fornleifa í samráði við sérfræðinga á sviði fornleifa.
- Við deiliskipulagsgerð og áætlanagerð um skógrækt skal skoða upplýsingar um skráðar fornleifar og eyðibýli og meta áhrif skipulags og framkvæmda á þær minjar. Leita skal áhlits sérfróðra á verndargildi þeirra minja sem kunna að verða fyrir áhrifum og taka tillit til þeirra við skipulagsgerðina og/eða skógræktina eftir því sem matið gefur tilefni til.
- Við skógrækt á heiðum Kelduhverfis skal tryggt að garðar sem einkenna búsetulandslagið skemmist ekki. Sjá nánar stefnu um skógrækt í kafla X.X.

Verðmætar byggingar: Hvatt verði til þess að vernda byggingar sem bera vitni um fyrri tíma og hafa varðveislugildi.

- Samkvæmt lögum um húsafriðun eru þau hús friðuð sem reist eru fyrir 1850 og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á þeim byggingum án leyfis húsafriðunarnefndar ríkisins. Einnig er eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, skylt að leita áhlits hjá húsafriðunarnefnd ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.
- Mörkuð verði nánari stefna um verndun bygginga í samráði við sérfræðinga á sviði byggingarlistar.

Kynning og fræðsla: Kynning á menningarminjum verði aukin.

- Helstu minjastaðir verði merktir með upplýsingum um minjarnar.
- Göngu- og sagnaslóðir verði kortlagðar og merktar þó þannig að jafnvægi milli aðgengis og verndunar sé gætt. Verkefnum verði forgangsraðað og verði að minnsta kosti ein leið merkt á ári.

6 Traust velferðarþjónusta

Markmið

6.1 Félagsþjónusta miðar að velferð allra.

6.2 Heilbrigðisþjónusta er mjög góð.

6.3 Öryggi íbúa er tryggt með góðri löggæslu, sjúkraflutningum og brunavörnum

6.1 Félagsþjónusta

Velferð allra: Þjónusta og framkvæmdir sveitarfélagsins miði að því að hver einstaklingur geti notið sín sem best í samfélaginu og lífað sjálfstæðu og eðlilegu lífi.

- Tryggt verði hentugt og vel staðsett húsnæði fyrir fólk sem ekki á eigið húsnæði og hefur ekki tök á að leigja á almennum markaði, t.d. vegna fötlunar eða veikinda.
- Unnið verði að því að bæta vegi til að tryggja sem best aðgengi að þjónustu.

6.2 Heilbrigðisþjónusta

Sjúkrahús: Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík verð efd.

Heilsugæsla: Heilsugæslustöðvar verði áfram á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

6.3 Öryggi

Löggæsla: Lögreglustöðvar verði áfram á Húsavík og Raufarhöfn.

Sjúkraflutningar: Tryggt verði viðunandi fyrirkomulag sjúkraflutninga.

Brunavarnir: Slökkvistöðvar verði áfram þrjár: Á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

7 Vönduð stjórnýsla

Markmið

- 7.1 Miðstöð stjórnýslu er á Húsavík.
- 7.2 Stjórnýsla Norðurlands einkennist af góðu aðgengi að upplýsingum.
- 7.3 Tillit er tekið til umhverfisins við rekstur sveitarfélagsins.

7.1 Miðstöð stjórnýslu

Húsavík: Aðal stjórnýsla sveitarfélagsins verði á Húsavík.

Kópasker og Raufarhöfn: Þjónusta á tilteknum sviðum verði á Kópaskeri og Raufarhöfn.

7.2 Aðgengi að upplýsingum

Rafræn stjórnýsla: Áhersla verði á rafræna þjónustu sveitarfélagsins sem þátt í bættu aðgengi að stjórnýslunni.

Veraldarvefurinn: Vefur Norðurlands verði þróaður áfram til upplýsingamiðlunar og umræðna um málefni sveitarfélagsins.

7.3 Umhverfisstarf

Vistvæn innkaup og grænt bókhald: Sveitarfélagið móti sér umhverfisstefnu, þ.m.t. stefnu um innkaup og bókhald.

- Sveitarfélagið taki upp vistvæn innkaup. Haldið verði námskeið fyrir stjórnendur þar sem farið er yfir hvernig haga skuli innkaupum, hvaða þætti þurfi að hafa í huga og hvaða ávinningur næst með vistvænum innkaupum.

Starfsemi fyrirtækja og stofnana: Dregið verði markvisst úr áhrifum atvinnu- og þjónustustarfsemi í sveitarfélaginu á umhverfið.

- Fyrirtæki og stofnanir verði hvött til að móta sér umhverfisstefnu og að nýta hana til að skapa sér enn betri stöðu á markaði en samkeppnisaðilar.